



Síða 1 í 4	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun UPPT1OF05 Haustönn 2018	

Kennari/kennarar: Aldís Ýr Ólafsdóttir og Anna Margrét Sveinsdóttir	Netfang/netföng: aldis@fva.is og anna@fva.is
--	---

Námsgögn: Office 2016 (UTN) eftir Jóhönnu Geirsdóttur
--

<p>Lýsing:</p> <p>Í þessum áfanga er lögð áhersla á að nemendur læri á MS Office upplýsingatækniþakann með megin áherslu á ritvinnsluna Word og töflureikninn Excel en kynnist jafnframt glærugerðarforritinu Power Point. Nemendur læra jafnframt að nýta tölvukerfi skólans í námi sínu. Leitast er við að kynna nemendum fyrir mismunandi tegundum af sameiginlegri skjalavinnslu sem og skjalavörslu á netinu. Fyrirbærið alnetið er einnig skoðað og fjallað um siðfræði þess, höfundarrétt, netöryggi og persónuvernd. Áhersla er lögð á að nemendur velti fyrir sér eigin gildum varðandi samskipti á netinu.</p>

<p>Markmið (þekking, leikni, hæfni):</p> <p>Þekkingarviðmið:</p> <p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • skjalavistunaraðferðum í tölvukerfi skólans sem og hvað sameiginlegt skráarsvæði er og hver gagnsemi þeirra er, t.d. DropBox eða SkyDrive • mikilvægi tölvunnar í námi og lífinu öllu • mismunandi eiginleikum ritvinnslu, töflureiknis, glærugerðarforrits • MS Office hugbúnaðarpakkanum ásamt eiginleikum Office 365 til vinnslu og vörslu skjala á netinu • virkni Google Docs til vinnslu og vörslu skjala á netinu • siðfræði alnetsins, sem og kostum þess og göllum ásamt eigin gildum er snúa að netnotkun, niðurrhali og miðlun upplýsinga á netinu <p>Leikniviðmið:</p> <p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • vista skjöl á mismunandi svæðum í tölvukerfi skólans • nota sameiginlega skráarsvæðið DropBox sér til gagns • velja aðferðir og verkfæri sem henta ólíkum verkefnum í upplýsingatækni • vinna og setja upp skjöl í ritvinnslu, t.d. ritgerðir á mismunandi hátt • hagnýta eiginleika töflureikna, formúlur, jöfnur og myndrit til að vinna með töluupplýsingar • gera glærुकynningu með markvissri framsetningu upplýsinga • nota Google Docs til vinnslu og vörslu skjala • greina helstu hættur sem snúa að persónuvernd og samskiptum á netinu

	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun UPPT1OF05 Haustönn 2018	
Síða 2 í 4		

- nota tölvuna og netið sér til gagns á ábyrgan hátt

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- afla sér upplýsinga og bera saman eiginleika mismunandi tegunda af sameiginlegum skráarsvæðum
- bera saman og meta eiginleika mismunandi upplýsingatækni forrita
- skipuleggja varðveislu gagna sinna
- meta efni af netinu á gagnrýninn hátt

Námsmat:

Til að fá einkunn fyrir vikuleg verkefnaskil þarf að skila amk. **85%** allra verkefna á tilsettum tíma og miðast einkunn við skiluð verkefni (t.d. fær nemandi sem skilaði 87% verkefna einkunnina 8,7 fyrir verkefnaskil en nemandi sem skilar 83% fær einkunnina 0). Athugið að ekki er tekið við verkefnum eftir að skilafresti lýkur. Skila- og viðveruskylda er á lokaverkefni í PowerPoint. Skili nemandi inn verkefni annars nemanda fá báðir nemendur núll fyrir verkefnaskilin. Standast þarf lokapróf í word og excel með lágmarkseinkunn 4,5 að meðaltali.

Við útreikning á lokaeinkunn er miðað við eftirfarandi:

- **Verkefnaskil 35% (ath. þó 85% skil)**
- **Lokapróf:**
 - **Word 30%**
 - **Excel 30%**


Lokaverkefni í Power Point 5%

Aðrar mikilvægar upplýsingar:


Verkefnin eru unnin í skólanum en nái nemandi ekki að ljúka við verkefni vikunnar þarf hann að klára þau heima. Mikilvægt er að lesa kennslubókina! Einnig er gott að fletta til baka við verkefnavinnu. Byrjið á því að átta ykkur vel á uppbyggingu bókarinnar, þið lesið til að mynda A og B hluta áður en verkefnin í Word eru unnin. Á vefsíðunni johanna.is má finna myndskleið með verkefnunum ásamt fleiru.

Tími við nám:

Tímasókn 60 klst.
Undirbúningur fyrir tíma 5 klst.
Heimavinna 30 klst.
Undirbúningur fyrir próf 15 klst.
Alls: 110 klst.

Síða 3 í 4	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun UPPT1OF05 Haustönn 2018	

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	20.8- 24.8	Word verkefni 1-5, skjalavarsla og sameiginleg skjalagerð	
2	27.8- 31.8	Word verkefni 6-10	
3	3.9- 7.9	Word verkefni 11-15	
4	10.9- 14.9	Word verkefni 16-20	
5	17.9- 21.9	Word verkefni 21-25	
6	24.9- 28.9	Word verkefni 26-30	
7	1.10- 5.10	Word heimildavinna, upprifjun og lokapróf	Lokapróf
8	8.10- 12.10	Excel verkefni 1-4	
9	15.10- 17.10	Excel verkefni 5-9	
10	22.10- 26.10	Excel verkefni 10-14	
11	29.10- 2.11	Excel verkefni 15-20	
12	5.11- 9.11	Excel verkefni 21-26	
13	12.11- 16.11	Excel lokapróf	Lokapróf
14	19.11- 23.11	Samþættingarverkefni 1-8	
15	26.11- 30.11	Umfjöllun um netið	

Síða 4 í 4	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun UPPT1OF05 Haustönn 2018	

16	3.12- 7.12	PowerPoint og Sway	
17	10.12- 14.12	PowerPoint og Sway	Lokaverkefni
18	17.12- 18.12	PowerPoint og Sway	Lokaverkefni

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.